

**Sp.**

**306. Tillaga til þingsályktunar**

[168. mál]

um bætt flugskilyrði á Vestmannaeyjaflugvelli.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ekki niður falla, heldur hraða svo sem unnt er framkvæmdum þeim við flugvöll Vestmannaeyja, sem aðkallandi eru, til þess að bæta landingarskilyrði og annað, er að öryggi flugsamgangnanna lýtur.

**Greinargerð.**

Vestmannaeyjaflugvöllur var gerður á árunum 1945—46 og tekinn í notkun um haustið 1946. Ekki þarf því að lýsa, hve stórfelld samgöngubót flugið hefur reynzt þar sem annars staðar, og þó frammar við Eyjar, sem annars eiga allt yfir sjó að sækja.

Flugbraut þar er aðeins ein og liggur frá austri til vesturs hér um bil, enda aust-suðaustanátt þar tíðust. Brautin var upphaflega 800 metrar, en varð ónóg, er fram í sótti og stærri og þyngri flugvélar voru teknar í notkun en þær, er í fyrstu var byrjað með. Undanfarið og allt til ársins 1951 hafa því talsverðar framkvæmdir staðið yfir til að lengja flugbrautina, svo að hún er nú um 1000 metrar, en samt mikils til of stutt, svo að fullörugg lengd megi teljast. 1951 var mikið dregið úr vinnu við að bæta og lengja völinn, og á þessu ári, sem nú er nær á enda, hefur ekkert verið aðhafzt í þessu efni annað en daglegt eftirlit umsjónarmannsins, sem leitast við að jafna og slétta yfir ójöfnur flugbrautarinnar eftir hendinni.

Að dómi kunnugustu manna er 1000 metra flugbraut á þessum stað ekki nægilega löng, þar eð oft verður þarna að lenda í nokkrum hliðarvindi, sem krefst lengri flugbrautar en ef vindur stendur beint á flugbrautina. Það er því bráðnauðsynlegt að lengja flugbraut þessa enn um allt að 200 metrum, til þess að sæmilegt sé, og ekki síður nauðsynlegt er þetta, þegar á það er litið, að á þessum stað er aðeins um eina flugbraut að ræða, sem oft verður að nota, þótt aðstæður hvað vind snertir, séu ekki sem beztar.

Þrátt fyrir það þótt þessi flugvöllur sé ekki lengra á leið kominn en raun ber vitni, hvorki hvað lengd snertir né annan þann útbúnað, er til öryggis heyrir, lágu framkvæmdir allar til úrbóta alveg niðri á þessu ári. Ekkert flugvélaskýli er þarna til og engin raflýsing á flugbrautinni. Virðist því þörf á að vekja athygli hæstv. ríkisstjórnar á því, að enn er langt frá því, að flugvallarskilyrðin í Vestmannaeyjum séu í því horfi, sem þarf að vera við jafnfjölfarna flugleið, og vegna þess er þessi till. til þál. flutt.